

Fjölskyldustefna Áss styrktarfélags 2008 – 2015.

Stefna félagsins er að fólk geti samhæft vinnu og þarfir fjölskyldu á sem farsælastan hátt til hagsældar fyrir alla aðila. Fjölskyldustefnan stuðli að auknum lífsgæðum starfsmanna, ánægju, þjónustulipurð þeirra og trúmennsku við félagið.

Í því felst meðal annars:

- Að stuðla að samveru og samheldni fjölskyldna.
- Að möguleiki sé á flutningi milli starfa ef starfsmaður óskar þess vegna fjölskylduaðstæðna.
- Að félagið sýni starfsmanni skilning í erfiðum fjölskylduaðstæðum.

Í 50 ára sögu félagsins hefur það notið starfskrafta dyggra og þjónustufúsra starfsmanna með miklar hugsjónir og fagmennsku.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni. Samþykkt í stjórn 20. febrúar 2008